8. stjórnarfundur Minjasafnsins á Akureyri miðvikudaginn 11. september 2019 haldinn í Minjasafninu á Akureyri Aðalstræti 58 frá 15:10-17:20

Fundinn sátu: Sigfús Karlsson, Inga Elísabet Vésteinsdóttir, Þorsteinn Krüger, Sigríður Rósa Sigurðardóttir, Elísabet Ásgrímsdóttir og Haraldur Þór Egilsson, safnstjóri.
Sigfús Karlsson setti fund og stýrði samkvæmt dagskrá:

1. **Starfsemi safnanna sumarið**
   Haraldur Þór kynnti viðamikla starfsemi í sumar og gestakomur í söfnin. Svipaður gestafjöldi er í söfnin önnur en Laufás þar sem nokkur fækkun hefur orðið. Möguleg fækkun safngesta milli ára verður 3-7% í heildina.

2. **Gjaldskrá 2020.**
   Samþykkt að hækka aðgangseyrir í 1800 kr. Ókeypis verður inn fyrir yngri en 18 ára og öryrkja. Boðið verður upp á miða sem gildir allt árið í söfnin á 2200 kr.

3. **Gjafir til safnsins.**
   Safninu barst vegleg gjöf fyrir jólasýningu safnsins. Safnstjóra falið að senda gefanda þakkarbréf.

4. **Sýningaráætlun 2019-2030** .
   Safnstjóri kynnti hugmyndir að aðal sýningum í safnhúsi Minjasafnsins við Aðalstræti.
   Í norðursal á efri hæð er stefnt að eftirfarandi sýningum:

   2019-2022 – Tónlist á Akureyri
   2022-2023 – Eðvarð Sigurgeirsson, ljósmyndari (60 ára afmælisár safnsins)
   2023-2025 – Stríðsárin á Akureyri
   2025-2030 – Fornleifar í Eyjafirði
   Í norðursal neðri hæð:

   Skiptisýningar í suð-austur horni sýningarinnar
   2020 Ljósmyndarar og ljósmyndatækni
   2022 – Akureyri 1862
   Suðursalur
   Innan hvers árs:

   Jan-Mars: Ljósmyndasýningar/greininasýning
   apríl-október: Land fyrir stafni – Schulte safnið.
   Nóvember – Janúar: Jólasýning

   Í Nonnahúsi er stefnt að því að opna nýja sýningu árið 2021.

5. **Söfnunarstefna.**
   Frestað.

6. **Sigurhæðir.**
   Svar við erindi frá Akureyrarstofu – lagt fram til kynningar

7. **Önnur mál.**
   Sigfús fór yfir heimsókn Schulte fjölskyldunnar í júlí s.l. og boð á heimili safnstjóra 27. júlí. Karl-Werner kemur færandi hendi í nóvember n.k. með viðbót við kortasafnið sem hann færir Akureyrarbæ. Áformað er að sýna kortin fram að jólasýningu safnsins. Sigfús leggur til að stjórnin bjóði honum í hádegis eða kvöldverð.

Fundi slitið kl. 17:20
Fundargerð ritar HÞE

Sigfús Karlsson
Inga E. Vésteinsdóttir
Elísabet Ásgrímsdóttir
Þorsteinn Krüger
Sigríður R Sigurðardóttir